

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Kvenfélagið
- Bókasafnið

Næsti Pési kemur

út 13. des

Skil á efni er

7. des

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Skreytinga kvöld	4
Viðburðir	8
Landstópi 10 ára	11
Merki USS	15
Opið hús	16
Hrunaspjall	18

Nóv 2010

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

20. árgangur. 243. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



Ljós: SigSigm

Í haust hefur verið unnið að byggingu nýrra Hrunaréttu. Margir hafa lagt hönd á plóg, m.a. þessir tveir sjálfboðaliðar, sem hér stilla sér upp til myndatöku hjá Sigga Sigmunds



Sveitarstjórapistill

Tíminn líður og nú er víst kominn nóvember. Maður verður að viðurkenna að það sé kominn vetur enda er best að setta sig við það að árstíðirnar hafi sinn gang með sínum kostum og göllum. Það eru jú ekki alltaf jólin! Ég verð í upphafi að tala aðeins meira um Kötlumótið sem haldið var hérna um daginn. Þó ég hafi skynjað að þetta væri merkilegt framtak og áhugaverðir tónleikar verð ég að viðurkenna að þetta fór fram úr mínum hjörtustu vonum. Margt olli því, frábært skipulag hjá körlunum, aðstaðan í Límtréshöllinni kallaði fram stórkostlega umgjörð og síðan en ekki síst var boðið upp á afar fjölbreytilega söngdagskrá. Að vísu toppaði ekkert samsönginn í Límtréshöllinni. Ég hef eitt viðmið hvort manni finnst tónleikar framúrskarandi og það er gæsaáætlanir og það gerðist nokkrum sinnum á þessum tónleikum. Það er nefnilega með þetta eins og margt annað, maður á að trúa á það sem manni finnst sjálfum, ekki hvað mönnum er talin trú um að sé merkilegt í það sinnið. Það er fleira jákvætt sem er að gerast í okkar samfélagi. Fólk biður spennt eftir að brúin yfir Hvítá opni og það verður núna í nóvember. Sveitarstjórnir nágrennasveitarfélagana eru ekki síður spenntar og menn sjá mikla möguleika á frekari samstarfi. Uppsveitasveitarfélögin fjögur hafa því skipað fulltrúa úr hverju sveitarfélagi til að ræða frekari samstarf í æskulýðs- og íþróttamálum. Ungmennafélögin eru líka mjög áhugasöm og sjá þarna tækifæri í hverju horni. Ég er sannfærður um að það mun ekki vefjast fyrir okkur að vinna saman og hver veit hvort næsta skref verði ekki að það verði sameiginlegur íþrótt- og tómstundafulltrúi fyrir uppsveitir. Skilaboðin sem við komum til afkomanda okkar skipta því alltaf miklu máli. Uppbyggingu, hverju nafni sem hún nefnist, á alltaf að hugsa þannig að hún gagnist komandi kynslóðum. Það var því gaman að geta tekið þátt í forvarnardeginum í Flúðaskóla þar sem fulltrúar í sveitarstjórn ræddu hreinskilningslega við 9. bekk um sína reynslu og voru spurð spjörunum úr. Þó maður sé nú ekki háaldraður voru ýmis áreiti, sem krakkar verða fyrir í dag úr umhverfi sínu nánast óþekkt þegar maður var unglingur. Það skiptir því miklu og reyndar öllu máli að krakkar séu sjálfstæðir og þori þannig að taka sjálfstæðar ákvarðanir óháð hópþrýstingi. Foreldrar verða síðan ávallt fyrirmyndir barna sinna og verða að geta átt hreinskilin samtöl við þau varðandi þessi málefni. Síðan eru þessi erfiðari hversdaglegu mál. Nú liggur fyrir að það þarf að hnoða saman fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Þetta ár virðist ætla að sleppa fyrir horn hjá okkur en það er nokkuð ljóst að öllu óbreyttu munu tekjur sveitarfélagsins á næsta ári minnka frekar en hitt. Það kallar á það að við verðum að vera áfram skynsöm varðandi áætlanagerð og vil ég þakka starfsfólki sveitarfélagsins fyrir að hafa sýnt ráðdeild í störfum sínum. Staðan er einfaldlega þannig að ef sveitarfélagð á að hafa einhverja getu til að standa í skynsamlegri uppbyggingu verður rekstur stofnana sveitarfélagsins að vera aðhalddssamur. Ég er samt bjartsýnn á að næsta ár eigi að geta orðið bærilegt fyrir okkur öll. Þann 27. nóvember verður kosið til stjórnlagabings. Ég veit að það eru skiptar skoðanir á því hversu merkilegar þessar kosningar eru en ég hvet samt alla til að nýta sér kosningaréttinn. Það skiptir máli í þessu öllu eins og ávallt að það skiptir máli hverjir verða kosnir og öðru vísi en að kjósa geta menn ekki haft áhrif. Það hefur nefnilega minni áhrif að sitja heima og tuða yfir þessu öllu saman. Að lokum minni ég fólk á að skammdegið er komið og það eru ungir einstaklingar á leið til og frá skóla í dimmunni og víða getur leynst hálká. Vil ég biðja fólk að vera vakandi í umferðinni og gæta sérstaklega að sér þar sem von getur verið á börnum í kringum gangbrautir og gönguleiðir. Hafid það sem allra best.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Skreytingakvöld 18. Nóvember

Hægt er að velja milli aðventukrans eða hurðakrans. Farið verður í hefðbundið og nýtt efni í krönsum. Nýting á efni sem til er og nýtt efni í bland.

Einnig verður boðið uppá að endurgera eldri skreytingu fyrir þá sem vilja.

Auka efni selst á sanngjörnu verði. Borðar, kerta"stólar" og magrskonar skraut.

Skráningu líkur 12. Nóvember. Hafðu með trjáklippurnar þínar ef þú átt þær.

Í skemmuni hjá mér. Sneiðinni 5. Gjaldið er 3000 kr og innifalið í því er 38 cm krans, greni og vír.

Skreytingakvöld 16. Nóvember fullbókað

*Skreytingakvöld 17. Nóvember á vegum
kvenfélagsins*

*Hægt er að panta ýmiskonar
skreytingar í síma 858-3399*

*Hægt verður að fá hýasintur og
hýasintuskreytingar eftir 10. Desember*

*Óska eftir hvítri málningu sem er inn í
geymslum hér og þar. Gljástig skiptir
ekki máli. Hún verður nýtt í
skreytingarefni.*

Erla Björg Arnardóttir
Grænna land ehf
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is



Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum Kjalarvogi og

Kl 13:00 frá Flytjanda Klettagörðum

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370 Pálmar

892-2371 Snævar.

892-2372 Bjössi.

*Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar*



VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímamantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Velkomin í verslun okkar á Flúðum

Verð og úrval sem kemur á óvart

Afhliða byggingavöruverzlun með áherslu á gæðavörur, góða þjónustu og lágt verð fyrir alla.

Opið virka daga kl. 9 - 18 • Laugardaga kl. 10 - 14

Bilavörur

- Smurufur
- Frostlögur
- Hreinlætisvörur
- Perur
- Övuggi og þurrkublið



Þjónavörur

- Lópl, marglr lltlr
- Þjónar, ymsar stærðir
- Þeysur, marglr lltlr
- Húfur
- Vettlingar



Fyrir hestamanninn • Beisli • Múlar • Skeifur • Burstar • Klóru

Ahöld og tæki

- Ryksugur
- Jarðvegsþjöppur
- Flísa- og steinsagur
- Rafstöðvar
- Gott úrval áhalda f. fagmenn



Málningardeild

- Inni- og útmálning
- Lökk
- Spertl
- Viðarvörn
- Málningaráhöld



Gólfefnadeild

- Flísar
- Náttúrusteinn
- Parket / Plastparket
- Flísa- og parketlim
- Undirlag



Múrdeild

- Utan- og utanhúse
- Múrboitar
- Byggingarvinklar
- Þansteypa og teinalim
- Undirlag



Hreinlætistækideild

- Hreinlætistæki
- Blöndunartæki
- Sturtuklefar
- Innréttlingar
- Handlaugar



Festingavörur

- Skráfur og boltar
- Múrboitar
- Byggingarvinklar
- Þansteypa & teinalim
- Undirlag



Heimilisvörur

- Straujárn
- Matvinnsluvélur
- Glös og bollar
- Handdryksugur
- Hrærivelar



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Smíðjustíg 6a • 845 Flúðum
Sími 496 1866 • vondull@simnet.is

Óbyggðakort!

Fyrir margt löngu var gefið út kort af afrétti milli Þjórsár og Hvítár. Það hefur lengi verið ófáanlegt, en hefur nú verið endurútfært og er til sölu á 500 krónur á Skrifstofu Hrunamannahrepps.



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

Vinna!!!

Er að leita mér að vinnu í vetur, hálfan daginn u.þ.b

Vigdis s: 861 6652

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00



Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga 09:00-19:00

Laugardaga 10:00-19:00

Sunnudaga 10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Viðburðir og annað á vegum Kvenfélags Hrunamannahrepps

Um leið og við þökkum góðan haustfund og í leiðinni góðum gestum okkar, þykir okkur rétt að minna á dagskrá okkar og viðburði sem framundan eru.

• Aðventuhátíð

- Sunnudaginn 28. nóvember verður sameiginleg aðventuhátíð Kvenfélagsins og Hruna- og Hrepphólasóknar eins og undanfarin ár. Að lokinni Hugvekju og annarri dagskrá verður Kvenfélagið með kökubasar, sölu á heitu súkkulaði og vöfflum, jólakortum SSK og uppskriftahólinni viðtrægu, Hrunaréttum. 9. þekkur verður með okkur og verður með heimagerð konfekt til sölu vegna tjáröflunar sinnar. Nánar auglýst síðar.

• Freyjusjóður - umsóknir

- Auglýst er eftir umsóknum í Freyjusjóð frá 15. nóvember til 15. desember. Sjá nánar um lífg Freyjusjóðs á www.llydi.is undir tengli þjónustuskrár félagasamtök. Jafnframt hægt að leita upplýsinga hjá formanni félagsins á netfanginu anna@fludaskoli.is.

• Jólafundur

- Jólafundurinn verður haldinn í desember. Ýmislegt sér til gamans gert í anda jólaanna. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.

• Barnaskemmtun

- Barnaskemmtunin verður haldin milli jóla og nýárs eins og undanfarin 40 ár eða svo. Nánar auglýst síðar.

Framundan 2011

• Þorablót

- Þorablót Kvenfélagsins verður laugardaginn 29. janúar 2011. Nefndina skipa: Fyrín og Margrét Guðmundsdætur, Lóhanna S. og Ástríður Guðný Danielsdætur og Kolbrún Sveinsdóttir. Nefndin hefur þegar tekið veigamiklar ákvarðanir og er látin að undirbúa skemmtunina á fullum krafti. Takið daginn frá! Nánar auglýst síðar.

• Konukvöld fyrir allar konur á öllum aldri úr öllum Uppsveitum

- Laugardaginn 12. febrúar 2011 verður sameiginlegt konukvöld kvenfélaganna í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Konum úr nágrennasveitum verður boðið. Meiriháttar skemmtun. Takið daginn frá. Nánar auglýst síðar.

• Annað.

- Kvenfélagskonur athugið. Kökudiskar og fleiri ílát frá ykkur eru staðsett fyrir framan kvenfélagsherbergi. Vinsamlegast kíkið við þegar húsið er opið og gáið hvort ekki liggja þar eitthvað frá ykkur.

- **Námskeið á vegum Kvenfélags Hrunamannahrepps – öllum opn**

- **Námskeið í kransagerð – ein kvöldstund**

Námskeið í kransagerð verður haldið í skúmunum hjá Erlu Björgu, Sneiðinni 5, miðvikudaginn 17. nóvember kl. 20.00. Námskeiðið kostar 3000.- kr og innifalið er groni, bastkrans og vír. **Námskeiðið er niðurgreitt fyrir félagskonur.**

Þeir sem vilja laga þömlu kransana sína geta þert það á námskeiðinu.

Dorðar, kertastólar og fleira skraut verður til sölu á staðnum en einnig má taka það með að heiman.

Hámarksfjöldi 15-20 manns.

Gott væri að þeir sem eiga klippur tækju þær með sér.

Látið vita um þátttöku hjá undirrituðum fyrir 13. nóv. – í dag

Hanna Lára - 849-8454

Inga Hrönn - 616-8940

- **Teikning – 4 kvöld**

Þriðjudaga 16. nóv. 7. des.

Þetta er námskeið fyrir þá sem vilja friska upp á teiknikunnáttu sína eða byrja frá grunni. Farið verður í gegnum grunnatriði í teikningu og skyggingu eftir

getu hvers og eins. Einnig verða notaðir mismunandi litir og áhöld í vinnuferlinu

hverju sinni. Verð kr. 6000.-. **Námskeiðið er niðurgreitt f. félagskonur.**

Kennari: Sigríður Helga Olgeirsdóttir.

Vinsamlegast látið vita um þátttöku hjá Sigríði Helgu í síma 486-6737.

- **Glermálun – ½ dagsnámskeið**

Málaðar skemmtilegar jólamyndir á glerkrúkkur sem eru sniðugar undir

jólaconfektið, sælgætið eða smákökurnar og eru flottar í jólapakkann.

Námskeiðið verður haldið laugardaginn 4. desember frá kl. 13.00-16.00.

Nánari upplýsingar gefur leiðbeinandi.

Námskeiðið er niðurgreitt fyrir félagskonur.

Umsjón: Inga Hrönn Árnadóttir, sími 616-8940

Námskeiðanefnd

- **Hrunaréttir – fleiri uppskriftir.**

Fró vantar okkur uppskriftir að smákökum, jólabrauði og öðru góðgæti en vegna dræmra undirtehta höfum við enn ekki náð að útbúa viðbættinn við uppskriftabókina góðu, Hrunarétti. Bókin verður fánæg á aðventuhátíðinni eins og undanfarin tvö ár og pantanir einnig afgreiddar þá. Einnig verður hún seld á jólafundinum. Ef okkur tekst að safna nógu mörgum nýjum uppskriftum munum við selja viðbættinn sér. Endilega sendið okkur góðar uppskriftir sem hafa slegið í gegn hjá fjölskyldumeðlimum hvort heldur þið eruð í félaginu eða ekki. Þiðjum ykkur um að hafa nöfn á uppskriftunum og einnig taka fram hverjir senda uppskriftuna.

Vinsamlegast sendið okkur á netfangið: anna@fludaskoli.is

lalnframt hægt að koma uppskriftunum skriflega til okkar.

Með kveðju,

Stjórn Kvenfélags Hrunamannahrepps.



FLÚÐA-TAXI

Uppsveita Árnessýslu

Jóh. Unnar Guðmundsson



Sími 893 1462

8 farpega bíll



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Lögglitur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Starfsmaður frá Arion banka á Selfossi er til viðtals á Skrifstofu Hrunamannahrepps annan þriðjudag í hverjum mánuði
(næst 14. des um kl. 14:00)

2000 - 2010

LANDSTÓLPI

10 ára

Í tilefni af 10 ára afmæli Landstólpa ehf. sem er nú í desember ætlum við að gera okkur dagamun og vera með afmælis dagskrá sem hefst nk. mánudag.

Má þar meðal annars nefna myndasýningu um sögu fyrirtækisins, ýmiss konar afmælistilboð og eru ýmsar fleiri upptökur fyrirhugaðar og verða þær auglýstar nánar með netpósti og á heimasíðunni okkar

AFMÆLISHÁTÍÐIN endar svo með **AFMÆLISVEISLU** fimmtudagskvöldið 9. desember.

Nú til loka **NÓVEMBER** verðum við með **10% afslátt** af öllum hreinlætisvörum til heimilisins, ásamt öllum þvotta- og hreingerningarefnum í fjósið. Þar að auki verður afmælisverð á völdum vörum til heimilisins.

Afmælistilboð í nóvember



Speedball
öflugur úðahreinsir
kr. 1.126,-



OMO hágæða-
þvottaefni 10 kg
kr. 5.133,-



SUMA Base
uppþvottaduft 1,5 kg
kr. 1.229,-

10 ára



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Alltaf heitt á könnunni

landstolpi.is

MÚRBÚÐAR FRÉTTIR

Höfum verið að bæta við nýjum vöruflokkum

LJÓSAPERUR – FLOTT HNÍFASETT og fl. fyrir heimilið.

OLÍUR – ÞURKUBLÖÐ – ÖRYGGI -
PERUR – OG ÝMSAR
HREINSIVÖRUR – fyrir bílinn.



SKRÚFBÚTAR - PAKKNINGAR og fl. fyrir
pípulagnir.

PRJÓNABLÖÐ og fl. fyrir prjónakonur

VETRAR VINNUVETLINGAR – VITABÆTIR – ELDIVIÐUR –
SERÍUFESTINGAR – BRÉFABINDI – MÚSAGILDRUR -
RAFHLÖÐUR og síðast en ekki síst HEILHVEITI OG BYGGMJÖL
frá ÍSKORNI, Birtingaholti 4.

KOSNINGAR 27. nóvember 2010

Kjörfundur vegna kosninga til Stjórnlagabings fer fram
laugardaginn 27. nóvember 2010.

Kosið verður í Félagsheimili Hrunamanna
og hefst kosning kl. 10:00 og lýkur kl. 22:00.

Kjörstjórn Hrunamannahrepps.

Kjörskrá mun liggja frammi á Skrifstofu Hrunamannahrepps

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðinsgata
1-3



Vöndull
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Sími 056 1580

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. **Mánudaga til föstudaga kl. 12:00**, Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.
Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar
856 1581 Stefán



HREPPAMAÐURINN

Hreppamaður heitir blað
Hendingar og ræður.
Kæru vinir kaupið það
Konur menn og bræður

Öll 12 rit Bjarna Guðmundssonar frá Hörgholti fást í Þverspyrnu, 400 kr ritið, öll á 4000 kr.

Upplagt í jólapakkann Verið velkomin
Guðrún sími: 486 6735

Nú fara jólabækurnar smátt og smátt að berast á bókasafnið. Eins og undanfarin ár eru nýjustu bækurnar á skammtímaláni, það er á **14 daga láni**. Ekki verður hægt að panta bækur sem merktar eru skammtímaláni. Flestir gera sér ljóst að margir hafa áhuga á að lesa nýju bækurnar eru því fljótir að skila þeim. Því er um að gera að kíkja við á bókasafninu og athuga hvað bíður nýtt og spennandi í hillunum. Lánstími eldri bóka og tímarita er 4 vikur.

Á bókasafninu færðu líka Vikuna, Mannlíf, Gestgjafann, Hús og Híbylí, Andrés Önd syrpu, og fleira skemmtilegt lesefni. Lánstími á nýjustu tímaritunum er **1 vika**.

Mínum á úrval föndurbóka fyrir jólin.

Opnunartími:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18



Aðgangur að tölvu fyrir almenning. Gjaldskrá ½ klst. kr. 150,-.

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Nýtið ykkur „Mínar síður“ í Gegni til að sjá skiladag, framlengja og fleira.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Lestrarstund er gæðastund **J**

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Merki Uppsveitasystura.

Auglýst er eftir tillögum að merki Uppsveitasystura. Uppsveitasystur er kvennakór starfandi í uppsveitum Árnessýslu og víðar. Það merki sem verður fyrir valinu mun verða eign kórsins og áskilja Uppsveitasystur sér rétt til að nota það í eigin þágu.

Gott er að hafa eftirfarandi í huga:

Kórinn er kvennakór

Merkið innihaldi nafn kórsins og stofndag, Uppsveitasystur, stofnaður
24. apríl 2006

Einnig mætti skammstöfun kórsins USS koma fyrir (ekki skilyrði)

Hámark 3 litir séu í merkinu

Merkið henti vel í ljósrítun, (svart/hvítt)

Merkinu má skila í rafrænu formi eða á pappír.

Sendið tillögur undir dulnefni í umslagi, þar sem meðfylgjandi er annað lokað umslag með nafni þátttakanda.

Skilafrestur til 15. janúar 2011

Vinsamlegast sendið tillögur í pósti til:

Uppsveitasystur v/merki

Tungufell

845 Flúðir

Skil á forðagæsluskýrslum.

Umráðamenn búfjár eru minntir á að skila útfylltum eyðublöðum um búfjáfjölda og fóðurbirgðir til búfjäreftirlitsmanns.

Eyðublöðin hafa þegar verið send til umráðamanna.

Ef skila á skýrslu á pappír þarf hún að berast fyrir 20. nóvember.

Til hagræðis er hægt að skila skýrslunum á

Skrifstofu Hrunamannahrepps.

Einnig er boðið upp á rafræn skil og er þá frestur til 10 desember.

Búfjäreftirlitsmaður.

Loftur Þorsteinsson Ásastíg 10b



Opið hús á aðventu

Laugardaginn 11. Desember verður opið hús á eftirfarandi vinnustofum hér í sveit:

Hjá **Sigríði Helgu Olgeirsdóttur** leirlistakonu í Hruna frá kl. 11-14

Grænna land ehf Í skemmumni Sneiðinni 5 frá kl 11-17

Kurl og kram, klæðskeraverkstæði við Hvammsveg frá kl. 13-16

Bosena og Mikki Konfektframleiðendur verða hjá Kurli og krami við Hvammsveg frá kl 13-16

Kerla handverk. Kristín Erla verður hjá Grænna landi með sínar vörur frá kl 13-16

Allir hjartanlega velkomnir að líta við

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Fimm manna fjölskylda óskar eftir húsnæði á Flúðum frá og með febrúar 2011.

Skilvísium greiðslum heitið.

Vinsamlega hafa samband við Björn á netfangið

bjorn.hr.bjornsson@gmail.com

Sauðfjárnætur.

Sú breyting verður á staðsetningu á ullargámum frá Ístex, í uppsveitum Árnesháls, að hann verður einungis staðsettur á Flúðum. Nánar tiltekið á geymslu-
plani Flúðaleiðar, Smiðjustíg 10. Einnig er ullargámur staðsettur hjá Flytjanda
á Selfossi, Gagnheiði 76 og er hægt að setja í hann líka. Fyrsti gámurinn
kemur 10. nóv 2010 og verður gámur á svæðinu til 20. des 2010. Hægt að fá
tóma ullarpoka hjá Flúðaleið.

Kveðja frá níunda bekk Flúðaskóla

Svo sem verið hefur undanfarin ár þá stefnir núverandi níundi bekkur að ferð til Danmerkur næsta haust. Þess vegna er farin af stað fjáröflun þar sem hugmyndaflugið er mikið. Enda veitir ekki af, því þetta er stór bekkur og ekkert enn fast í hendi með styrki.

Á uppskerudeginum í haust var bekkurinn með sölubás og seldi margvíslegar afurðir, bæði það sem þau höfðu sjálf útbúið og líka fjölmargt annað svo sem grænmeti, rósir, silung og bindi og eitthvað sé nefnt sem fékkst ýmist gefins eða á góðum kjörum, viljum við þakka fyrir það. Þannig að eftir þennan dag var rífleg upphæð þá þegar lögð inn á bók.

Dósasöfnun

Mikilvægasta fjáröflunin undanfarin ár hefur verið söfnun á flöskum, dósum og gleri. Þegar hefir verið farin ein ferð og viljum við, bæði foreldrar og nemendur þakka fyrir góðar móttökur. Um leið viljum við láta vita að við stefnum að því að fara aftur af stað **strax eftir áramót**. Þannig að ef þið viljið leyfa okkur að njóta góðs af umbúðum af jóladrykkjunum þá megið þið treysta því að við komum.

Bolir til sölu

Annað fjáröflunarstarf sem þegar er farið af stað í hönnun og framleiðslu eru ermalangir bolir með skreytingum unnum af nemendum í Flúðaskóla. Þeir verða fánlegir í barna, unglinga og fullorðinsstærðum.

Einnig verða til sölu svuntur með piparkökuuppskrift Flúðaskóla framan á. Þetta eru tilvaldar jólagjafir.

Kominn er linkur á Facebook þar sem hægt verður að fylgjast með. Slóðin er <http://www.facebook.com/#!/pages/9-bekkur-Fludaskola/140577889324775>

Flott hönnun! Verslum í heimabyggð og styðjum gott málefni.
Með kveðju frá foreldrum og nemendum 9. bekkjar Flúðaskóla.

Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli

Nú er orðið nokkuð langt síðan síðast voru sendar línur í Pésann. Margt er breytt í starfsumhverfi og m.a. það að nú er ekki nóg að skrifa í Pésann vilji maður ná til þeirra sem eru innan núverandi prestakalls. Margs konar áföll hafa dunið á kirkjunni sem stofnun undanfarna mánuði, auk þess sem þau öfl verða æ háværi sem vilja þoka kristinni trú sem allra mest til hliðar í samfélaginu. Þetta kallar á það að fólk geri með meðvitaðri hætti en áður upp við sig hvar það telur sig eiga heima á þessu sviði og standi síðan með þeirri niðurstöðu sem slík sjálfsskoðun leiðir til. Kirkjan er í eðli sínu grasrótarsamtök sprottin af sameiginlegri játningu um kærleiksríkan Guð. Um leið og slík játning hefur áhrif á persónulegt líf þá hefur hún óhjákvæmilega mótandi áhrif á gildi og viðmið samfélagsins.

Netföng

Mig langar til að safna saman netföngum þeirra sem vildu fá í tölvupósti fregnir af því sem efst er á baugi í kirkjustarfinu. Minna til dæmis á messur, tónleika og samkomur á vegum sóknanna. Auk þess sé ég fyrir mér að geta kynnt á slíkum lista tilboð um námskeið og geta þannig séð áður en lagt er í kostnað hvort grundvöllur er fyrir viðkomandi námskeiði. Þau sem vildu setja netfang sitt inn á slíkan lista eru beðin að senda mér línu á netfang mitt sem er srerik@ismennt.is

Barnastarf

Nú hef ég ákveðið að gera tilraun með kirkjuskóla fyrir allar fjórar sóknirnar í Hrepphólakirkju á laugardagsmorgnum kl. 11:00 þar er safnaðarheimili sem gefur möguleika á fjölbreyttari stundum og síðan er hún einna mest miðsvæðis. Ég vona að þetta geti gengið og það var einstaklega ánægjuleg stund sem við áttum á fjölskyldumessu síðastliðinn sunnudag þar sem rúmlega 80 manns voru saman komin og barnakór úr Flúðaskóla undir stjórn Helgu Kolbeinsdóttur leiddi sönginn með glæsibrag.

Helgihaldið framundan:

13. nóvember laugardagur kirkjuskóli í Hrepphólum kl.11

14. nóvember Ólafsvallakirkja messa kl.11:00

14. nóvember, Hrunakirkja messa kl.14:00

20. nóvember, laugardagur kirkjuskóli í Hrepphólum kl.11:00

21. nóvember messa í Hrepphólakirkju kl.11:00

21. nóvember messa í Stóra- Núpskirkju kl. 14:00

27. nóvember, laugardagur kirkjuskóli í Hrepphólum kl.11:00

28. nóvember 1. Sunnudagur í aðventu Aðventuhátíðir á Flúðum og í Árnosi (nánar auglýst síðar).

Með ósk um Guðs blessun

Sr. Eiríkur Jóhannsson.

Að Kötlumóti loknu.

Þann 16. október s.l. var haldið að Flúðum kóramót sem ekki hefði átt að fara framhjá neinum, Kötlumótið svokallaða. KATLA er samtök sunnlenskra karlakóra sem í eru 16 karlakórar. Mót þessi eru haldin á 5 ára fresti. Karlakór Hreppamanna hélt það að þessu sinni. Aldrei fyrr hefur þátttaka verið jafngóð, aðeins einn kór sá sér ekki fært að mæta, en tveir gestakórar mættu hinsvegar í staðinn, Karlakór Akureyrar/Geysir og finnski kórinn Manifestum.

Umfang þessarar samkomu var gríðarmikið og hefði þetta dæmi aldrei gengið upp nema vegna þess að allir kórfélagar lögðust á eitt við undirbúninginn. Allir sem leitað var til voru einnig boðnir og búnir að rétta hjálparhönd, stjórn Límtrés að lána okkur Límtréhusið sem breytt var í Límtréshöll og bar nafn með rentu. Hrunamanna-hreppur lánaði skólann, íþróttahúsið og leikskólann, félagsheimili í nærsveitum lánuðu borð og stóla, Flúðaleið flutti húsgögn endurgjaldslaut og svo mætti lengi telja. Viljum við hér með færa þeim og öllum þeim er greiddu götu okkar, en eru ekki með í upptalningu þessari, okkar bestu þakkir fyrir.

Mótið tókst í allastaði afar vel að okkur fannst og ekki annað að sjá en að söngmenn jafnt sem gestir hafi verið ánægðir. Yfir sex-hundrað söngmenn voru á pöllunum í samsöngnum og gestir vel á áttunda hundraðið.

Karлакór Hreppamanna vill hér einnig koma á framfæri þakklæti til allra kóranna er sóttu okkur heim þennan dag sem og allra þeirra gesta sem komu og hlýddu á kórana og skemmtu sér með okkur. Nánar má sjá um Kötlumótið á heimasíðu Karlakórs Hreppamanna, kkhreppamanna.com. Þar inni eru margar myndir og skemmtilegar þakkir í bundnu máli frá kórum sem sungu á mótinu.

***Skrifstofa Hrunamannahrepps
Opnunartími hreppsskrifstofu
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00***



Erla Björg vinnur að kransagerð

. Ljós:SigSigm

